

8. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

18. júlí 2019, Reykjavík kl. 19:00

Mætt eru: Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF) og Enar Kornelius Leferink (EKL). Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF) og Rut Einarsdóttir (RE) voru með í gegnum fjarfundarbúnað. **Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB).

Fundur settur 19:08

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 7. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Frá skrifstofu:**
 - 2.1. Gögn fyrir skoðunaraðgang bókara voru undirrituð.
 - 2.2. Tilkygning um breytt lögheimili félagsins var undirritað.
3. **Húsnæðismál:** Formleg kvörtun vegna aðstöðu- og umgengnismála hefur verið send á forstöðumenn Hins Hússins. SHB upplýsti um önnur úrræði og var honum falið að kanna málin betur.
4. **Réttindi ungs fólks:** Um markmið stjórnar um að tala fyrir endurskoðun á Æskulýðslögum og krefjast heildstæðrar stefnu í málaflokknum:
 - 4.1. Beðið er eftir svari við samstarfsbeiðni við félagsmálaráðuneytið og hefur TI einnig sent rafrænt.
 - 4.2. Breytingatillaga mennta- og menningarmálaráðuneytisins á reglugerð um Æskulýðssjóð verður tekin fyrir á næsta fundi Æskulýðsráðs. TI upplýsir stjórn um að tillagan felur í sér þá breytingu að tileinka $\frac{1}{3}$ af sjóðnum til óformlegra hópa ungmenna. Stjórn tekur afstöðu gegn breytingunni, þar sem hún mismunar ungmennum undir 18 ára aldri og dregur úr hvata til þátttöku í félagastarfi. Þá gengur breytingatillagan gegn megintilgangi æskulýðslaga sem fram kemur í 1. gr. laganna ásamt tilgangi Æskulýðssjóðs sem fram kemur í 7. gr. laganna. Breytingatillagan getur því ekki átt stoð í reglugerðarheimild æskulýðslaga, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna, og getur því ekki staðist að óbreyttum lögum. Telur stjórn að sjóðurinn eigi að umbuna frekar ungu fólki sem tekur þátt í skipulögðu starfi ungmannafélaga. Að auki er gerð athugasemd við rökstuðning breytingarinnar, sem fjallar hvorki um gagnrýni á sjóðinn né hvernig breytingin leysir vandann við hvað Æskulýðslög eru óskýr þegar það kemur að því að skilgreina „æskulýðsfélag“. Telur stjórn lausnina vera endurskoðun á lögum og frelsi félagasamtaka til að skilgreina sig sjálf.
5. **Barátta fyrir félagafrelsi ungmenna:** TI fór yfir samskipti við lögfræðing hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna ítrekana LUF og hægagangs á málsmeðferð á kæru félagsins. Ákvörðunar má vænta í byrjun ágúst þar sem bundnar eru vonir um að upplýsa aðildarfélögin um niðurstöðuna á næsta fulltrúaráðsfundi. SHB hafði samband við Einkaleyfastofu vegna umsóknar. Í framhaldinu var óskað eftir gögnum vegna áfrýjunar UMFÍ á þeirra umsókn á grunvelli upplýsingalaga. Málið er þá í bið þar til niðurstaða liggur fyrir.

6. **Leiðtogaskólinn 2019:** [Auglýsing](#) eftir þjálfurum var samþykkt. Stjórn LSÍ mun svo fara yfir umsóknir. RE spyr hvort hægt sé að niðurgreiða ferðakostnað, TI telur það enn óljóst og mun það ráðast af styrkjum.
7. **Alþjóðamál:**
 - 7.1. Um framvindu vegna [umsagnar LUF](#) um Íslandsrýniskýrslu um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum og fundar með fulltrúum verkefnastjórnar stjórnvalda um heimsmarkmiðin: TI upplýsir um þátttöku LUF í ritun sameiginlegrar yfirlýsingu MGoS um landsrýniskýrslu Íslands á „UN High-level Political Forum (HLPF)“. UH lagði til að senta kvörtun á ráðuneytið til að birta opinberlega. LMJ var hrósað fyrir að berjast fyrir því að koma athugasemdum LUF á framfæri. Viðstaddir samstarfsaðilar og systursamtök LUF gerðu ítrekaðar athugasemdir við að forsætisráðuneytið velji sér aðhald og að ungt fólk fái ekki að skipa fulltrúa sína lýðræðislega, bæði á HLPF og hliðarviðburðum þess. Ákveðið var að útbúa beiðni til forsætisráðuneytisins um að kjósa ungmennafulltrúa á sviði sjálfbærrar þróunar á sambandsþingi í febrúar til þess að sækja HLPF á næsta ári.
 - 7.2. Skýrsla EKL fulltrúa Íslands á „Enter! Youth Week“ í Strasbourg verður brátt tilbúin.
 - 7.3. SÞF fer fyrir hönd LUF á „YFJ Strategic Meeting“ í Brussel og fundar þar með NBC í leiðinni.
 - 7.4. Vakin er athygli á „Exploring different models of democratic participation: fostering youth participation through the European Youth Card“, í Strasbourg, 17-18 október 2019. UH leggur til að einhver frá LUF sækji ráðstefnuna.
8. **Um skipan stjórnar:**
 - 8.1. EKL óskar eftir lausn frá embætti úr stjórn LUF vegna náms erlendis eftir að nýr fulltrúi er kosinn í stað hans á næsta fulltrúaráðsfundi.
 - 8.2. UH leggur til að stjórn geri það að tillögu á fulltrúaráðsfundi að LMJ taki við embætti ritara þar sem IET hefur sagt af sér og var það samþykkt.
9. **2. Fulltrúaráðsfundur 14. ágúst kl. 20:**
 - 9.1. Beiðið er eftir staðfestingu á fundarstað.
 - 9.2. Dagskrárliðir: Kosning Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda, kosning í Alþjóðanefnd LUF, kosning meðstjórnanda, kosning tveggja varamanna í stjórn, kosning í stjórn Leiðtogaskólans og staða helstu verkefna.
 - 9.3. Send hafa verið boðsbréf um að gerast aðilar að LUF á félög sem stjórn telur mikilvægt að efla samstarfið við.
10. **Næsti fundur:** Verður metið síðar.
11. **Önnur mál:** UH biðst lausnar frá embætti vegna barneigna. GF mun því taka við skyldum formanns í fjarveru UH.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:14
SHB ritaði fundargerð*